

Aðalfundur FÁSES 2018

24. október 2018 - Kringlukráin, Reykjavík.

Mættir: Flosi Jón Ófeigsson, Laufey Helga Guðmundsdóttir, Ísak Pálmason, Sunna Mímisdóttir, Eva Dögg Benediktsdóttir, Eyrún Ellý Valsdóttir, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, Kristín H. Kristjánsdóttir, Kristján J. Pétursson, Guðný María Arnþórsdóttir, Konráð Valsson, Ólöf María Jónsdóttir, Þórunn Þórsdóttir, Gísli Ólason Kærned, Auður Geirsdóttir, Aðalgerður Guðlaugsdóttir, Sólrún Ásta Steinsdóttir, Arndís Björnsdóttir, Katla Ásgeirsdóttir, Hanna María Kristinsdóttir, Steinþóra Þórisdóttir, Helena Eydal, Hildur Pálsdóttir, Rannveig Sigurvinsdóttir, Arna Margrét Erlingsdóttir, Jóna Dögg Smáradóttir og Guðmundur Már Ingimarsson.

Fundur settur kl. 20.05 og gengið til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz kosinn fundarstjóri og Laufey Helga Guðmundsdóttir ritar fundargerð fundarins.

2. Facebook live útsending.

Fundurinn samþykkir að aðalfundur 2018 verði sendur út í beinni útsendingu á facebook síðu FÁSES. Viðstaddir þá útsendingu voru Halla Ingvarsdóttir og Heiðrún Jóhannsdóttir.

3. Skýrsla stjórnar kynnt og tekin til umræðu.

Flosi Jón Ófeigsson, formaður FÁSES, kynnir skýrslu stjórnar. Starfsárið byrjaði af krafti með fjölmönnum aðalfundi 26. október 2017. Ný stjórn var kosin og spilað var Eurovision bingó. Alls voru haldnir 17 viðburðir á vegum FÁSES á starfsárinu, m.a. sameiginlegt áhorf á undankeppnir, hamingjustundir, Eurovision karaokí og Söngvakeppnishelgin var tekin með trompi. Sérstaklega skemmtilegt var að fá tvo fyrrverandi Eurovision þátttakendur í heimsókn í fyrirpartý FÁSES. Eurovision barsvarið var á sínum stað og nú undir stjórn vinningsliðs síðustu ára; Kristínar Kristjánsdóttur, Steinunnar Bjarkar Bragadóttur og Kristján J. Péturssonar. Miðamál í Lissabon tóku á þar sem 122 sóttu um miða en aðeins 52 fengu aðdáendapakka í gegnum FÁSES. Alls greiddu 348 félagar félagsgjöldin fyrir síðasta ár. Júróstiklur voru haldnar og Ari Ólafsson, keppandi Íslands í Eurovision 2018, var sérstakur gestur. Fréttabréf FÁSES kom út í lok apríl eins og hefðin mælir fyrir um og nú var boðið upp á að fá það eingöngu sent sem pdf skjal í tölvupósti fyrir þá sem vildu það heldur en í pappírformi. Formaður sýndi ljósmyndir frá Lissabon. Ritstjórn FÁSES bauð upp á öflugum umfjöllun í kringum Eurovision á fases.is. Mikið hvarí var í kringum EuroFanCafé þetta árið á vegum OGAE Portúgal. Sem betur fer var það skipulagt á síðustu stundu en því miður fengu ekki allir félagar aðgang að því þar sem það seldist upp mjög fljótt. Framlag FÁSES í OGAE Second Chance var í stormi sem varð í 2. sæti í Söngvakeppninni. Sérstakur viðburður var haldinn um keppnina á Stúdentakjallaranum í ágúst sl. Flosi fer yfir ályktun stjórnar FÁSES frá 20. maí 2018.¹ Fundarmenn klappa fyrir þessari umfjöllun.

¹ Ályktun: FÁSES eru ópólitísk samtök Eurovision aðdáenda. Samkvæmt samþykktum FÁSES er félagið vettvangur áhugafólks um Eurovision til að deila áhuga sínum á keppninni í blíðu og stríðu. Tilgangur félagsins er að standa að viðburðum sem tengjast keppninni og gera félagsmönnum kleift að deila áhugamálum varðandi keppnina. Hlutverk félagsins eru einnig að vera upplýsingaveita um Eurovision á Íslandi og vera tengiliður við alþjóðasamfélag áhugafólks um Eurovision. FÁSES tekur ekki afstöðu til áskorunar til RÚV um að sniðganga Eurovision 2019. Kjósi RÚV að senda fulltrúa á Eurovision 2019 mun FÁSES, eins og fyrri ár, standa þétt að baki íslenska framlaginu.

Auður Geirsdóttir þakkar fyrir skemmtilegt starfsár og hrósar stjórninni fyrir vel unnin störf. Sérstaklega er þakkað fyrir stórskemmtilega Söngvakeppnishelgi með fullt af viðburðum sem gefur félögum sem ekki fara á Eurovision mikið.

Steinþóra þakkar ritstjórn FÁSES sérstaklega fyrir umfjöllun um forkeppnir Eurovision og önnur ritstörf. Fundarstjóri biður ritstjórn um að standa upp svo hægt sé að klappa fyrir þeim. Ísaki Pálmasyni, Laufeyju Helgu Guðmundsdóttir, Þórönnu Hrönn Þórsdóttur, Evu Dögg Benediktsdóttur, Sunnu Mímisdóttur og Kristínu H. Kristjánsdóttur þakkað og kveðja send til Heiðar Mariudóttur, Ástríðar Margrétar Eymundsdóttur og Steinunnar Bjarkar Bragadóttur sem einnig skrifuðu heilmikið en voru ekki staddar á aðalfundinum.

4. Reikningar félagsins kynntir, teknir til umræðu og kosninga.

Ísak Pálmason, gjaldkeri FÁSES, kynnir reikninga FÁSES. Félagsgjöld jukust töluvert milli ára. Prentun fréttabréfs reyndist mun ódýrari en vanalega sem kom stjórn FÁSES á óvart. Ákveðið var að setja meiri kraft og þar með meiri fjármuni í viðburði miðað við síðustu ár. Fjármunir félagsins hafa einnig verið nýttir í fjárfestingar, eins og t.d. Eurovision bikar, stöðugleikastöng til að taka upp viðtöl fyrir FÁSES.is, hljóðnema og breytistykki fyrir hljóðnema til að taka upp viðtöl í gegnum síma. FÁSES keypti einnig myndavegg með FÁSES lógóinu sem hefur vakið mikla lukku meðal félagsmanna. Tap ársins var 192 þúsund en ef tekjur vegna ársins frá árinu á undan eru teknar með í reikninginn er hagnaður. Í lok ársins voru eignir félagsins 310 þúsund. Skuld félagsins við gjaldkera í lok árs var 23.500 kr. Nú hefur FÁSES byrjað að taka við greiðslum félagsgjalda í gegnum Paypal og hafa nú þegar 30 félagar greitt félagsgjöld með þeim hætti (þar eru hærri færslugjöld en félagar sem nýta sér Paypal standa sjálfir straum af þeim kostnaði).

Fundarstjóri þakkar Ísaki greinargóða yfirferð yfir reikninga félagsins. Opnað er fyrir mælendaskrá.

Konráð Valsson spyr um ósamræmi reikningsárs og félagsárs sem er almanaksárið. Ísak útskýrði að reikningsárið samkvæmt gildandi lögum félagsins væri frá 1. október til 30. september. Greiðslur félagsgjalda sem greiddar eru yfir sumarið og fram að lokadegi reikningsársins teljast sem greiðslur félagsgjalda fyrir árið á eftir. Vegna þessa ósamræmis er haldið sérstaklega utan um greiðslur félagsgjalda sem er frestað til næsta árs. Félagsgjöldin eru þó færð til tekna á því reikningsári sem greiðslan berst. Sólrún Ásta Steinsdóttir spyr af hverju miklu fleiri félagar greiddu félagsgjöld á þessum tíma miðað við núna. Ástæðan er sú að það þurfti að greiða fyrir 24. september 2017 til að eiga möguleika á miðum fyrir Eurovision í Lissabon en á þessu ári er fresturinn mun seinna, 24. október 2018. Auður Geirsdóttir spyr um stofnun krafna og kostnað við þær. Samkvæmt gildandi gjaldskrá Arion banka greiðir FÁSES 48 kr fyrir hverja kröfu sem er stofnuð, 45 krónur fyrir að fella niður kröfu og 75 krónur fyrir hverja greidda kröfu. Í gegnum tíðina hafa 250 kr. færslugjöld sem lögð eru á allar kröfur staðið undir kostnaði við stofnun og niðurfellingu. Í ár var eindagi krafa hafður 23. október svo þeir sem völdu að greiða kröfu á eindaga gætu nýtt sér forkaupsrétt á miðum á Eurovision. Auður segir reikninga félagsins einstaklega vel framsetta. Fundarmenn klappa fyrir því. Fundarstjóri bendir á að lítill kostnaður við aðild að OGAE International. Greiðslur til OGAE International eru vegna útgáfu félagsskirteina fyrir nýja meðlimi og fyrir límmiða með gildistíma útgefinna korta. 81 ný kort voru útgefin á síðasta félagsári og kostnaður vegna þeirra 120 evrur. Límmiðar fyrir gild kort voru 340 og kostuðu 65 evrur. Samtals í íslenskum krónum 23.766.

Gjaldkeri tekur fram að skoðunarmenn reikninga hafa farið yfir ársreikninginn og veitt samþykki sitt.

Fundarstjóri ber upp reikninga til samþykktar. Enginn á móti og enginn situr hjá. Reikningar FÁSES samþykktir samhljóða.

5. Breytingar á samþykktum félagsins.

Laufey Helga Guðmundsdóttir og Ísak Pálmason úr stjórn FÁSES kynna breytingar á samþykktum félagsins. Farið var yfir þær tillögur sem voru lagðar af stjórn FÁSES fyrir aðalfundinn og rökstuðning þeirra. Aðrar tillögur að breytingum á samþykktum félagsins bárust ekki fyrir fundinn.

1. breytingartillaga: Félagsár og reikningsár FÁSES.

2. másl. 2. mgr. 3. gr. sem er svohljóðandi:

Félagsgjöld skulu innheimt að hausti ár hvert og gilda þau fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember næsta almanaksárs eftir greiðslu.

orðist svo:

Félagsgjöld skulu innheimt að hausti ár hvert og gilda þau fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. júlí.

1. másl. 10. gr. sem er svohljóðandi:

Reikningsár félagsins skal vera frá 1. október til 30. september.

orðist svo:

Reikningsár félagsins skal vera frá 1. ágúst til 31. júlí.

1. másl. 1. mgr. 8. gr. sem er svohljóðandi:

Aðalfundur félagsins skal haldinn að hausti ár hvert þó eigi síðar en 15. nóvember.

orðist svo:

Aðalfundur félagsins skal haldinn að hausti ár hvert þó eigi síðar en 15. október.

2. másl. 2. mgr. 4. gr. sem er svohljóðandi:

Félagsgjöld greidd á tímabilinu 1. júní að hausti tilheyra næsta almanaksári.

orðast svo:

Félagsgjöld greidd á tímabilinu sem tiltekið er í 3. mgr. 3 gr. og fram á haust tilheyra næsta félagsári.

3. mgr. 3. gr. sem er svohljóðandi:

Ákveði félagi að segja sig úr félaginu skal erindi þess efnis berast stjórn skriflega fyrir 1. október. Úrsögn tekur gildi strax og erindi hefur borist stjórn. Ekki er mögulegt að fá endurgreidd félagsgjöld ef félagsmaður segir sig úr félaginu á miðju tímabili.

orðast svo:

Ákveði félagi að segja sig úr félaginu skal erindi þess efnis berast stjórn skriflega. Úrsögn tekur gildi strax og erindi hefur borist stjórn. Ekki er mögulegt að fá endurgreidd félagsgjöld ef félagsmaður segir sig úr félaginu á miðju félagsári.

Rökstuðningur:

- Samkvæmt samþykktum FÁSES á aðalfundur félagsins að fara fram eigi síðar en 15. nóvember. Félagsárið er almanaksárið, 1. janúar til 31. desember, og reikningsár FÁSES er 1. október til 30. september.
- Aðalfundur FÁSES hefur verið haldinn seint á haustin sem styttr byrjun starfsársins. Með því að færa aðalfundadagsetningu frammar er búist við að starfsárið geti byrjað af meiri krafti.
- Lagt er til að félagsári og reikningsári FÁSES verði breytt svo það endurspeglar starfstíma félagsins betur en aðalvirkni félagsins er frá hausti fram til loka maímánaðar. Einnig er mikilvægt

að hafa í huga að undirbúningur fyrir miðasölu á Eurovision getur hafist strax að hausti. Því er lagt til að félagsár og reikningsár FÁSES verði 1. ágúst til 31. júlí.

- Gerðar eru breytingar á 3. mgr. 3. gr. til að taka út skilyrði um að úrsögn félaga verði að berast fyrir 1. október. Óþarfi er að hafa slíka takmörkun í samþykktum og geta félagar sagt sig úr klúbbum hvenær sem er ársins. Þó er ekki hægt að fá endurgreidd félagsgjöld segi félagi sig úr klúbbum á miðju félagsári.
- Breyting á 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. er afleiðingabreyting framangreindra breytinga.

Engar breytingatillögur komu fram við tillöguna og enginn kvaddi sér hljóðs. Var 1. breytingartillaga samþykkt samhljóða.

2. breytingartillaga: Ekki tekið við nýjum félögum rétt fyrir Eurovision.

Lagt er til að á eftir 2. mgr. 3. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Ekki er tekið á móti nýjum félögum sex vikum fyrir aðalkeppni Eurovision. Skráning nýrra félaga hefst aftur tveimur vikum eftir aðalkeppni Eurovision.

Rökstuðningur:

- Samþykktir FÁSES setja ekki skorður við því hvenær árs opið sé fyrir aðild að félaginu.
- Undanfarin ár hefur stjórn FÁSES staðið í ströngu rétt fyrir aðalkeppni Eurovision og á meðan henni stendur við ýmis verkefni t.d. vegna fréttabréfs FÁSES, undirbúnings viðburða og fréttaflutnings á heimasíðu félagsins.
- Til að gera stjórn FÁSES betur kleift að sinna störfum sínum þegar háannatími er í Eurovisionheiminum er lagt til að samþykktir kveði á um að ekki verði tekið á móti nýjum félögum sex vikum fyrir aðalkeppni Eurovision og að skráning nýrra félaga hefjist aftur tveimur vikum eftir aðalkeppni Eurovision. Þetta er í samræmi við framkvæmd annarra Eurovision klúbba, eins og t.d. breska klúbbsins.
- Þar sem dagsetning keppinnar er breytileg er ekki lagt til að festa ákveðið tímabil fyrir það hvenær tekið er á móti félögum heldur er tímabilið látið fylgja dagsetningu keppinnar. Þá hefur stjórn FÁSES alltaf jafnlangan frest, óháð því hvenær keppnin er haldin. Rétt er að geta þess að með aðalkeppni Eurovision er átt við úrslitakeppni Eurovision (Grand Final) en ekki undankeppni Eurovision.

Var 2. breytingartillaga tekinn til umræðu. Þórána Hrönn Þórsdóttir spurði af hverju yrði ekki tekið við félögum fyrr en tveimur vikum eftir aðalkeppni Eurovision. Laufey sagði að þessi tímafrestur væri gefinn svo stjórn gæti jafnað sig eftir aðalkeppni Eurovision og m.a. klárað júró-flensuna. Konráð Valsson er á þeirri skoðun að setja ætti fasta dagsetningu þarna inn, t.d. 1. apríl til 1. júní. Það væri skýrara og til þess fallið að forða misskilningi. Eva Dögg Benediktsdóttir benti á í þessu samhengi að fordæmi væru fyrir því að Eurovision væri haldið í lok apríl fram í lok maí. Þórána benti á að setja ætti inn í ákvæðið "Eurovision Song Contest". Gísli Ó. Kærsted tekur undir með að setja eigi fasta dagsetningu inn í ákvæðið. Ísak Pálmason benti á að stjórnin hafi áður brennt sig á því að setja inn fastar dagsetningar inn í samþykktirnar og að það væri betra að hafa þær tímalausar. Flosi Jón Ófeiggsson telur það alveg jafn skýrt og að hafa dagsetningar að tiltaka tímabilið sex vikum fyrir keppni. Hann bendir líka á að þarna sé stjórn FÁSES að tryggja að virkir meðlimir njóti fríðinda klúbbsins. Það hafi t.d. gerst fyrir Lissabon í vor að mjög margir virkir meðlimir fengu ekki miða á Euro Fan Café en glænýir meðlimir fengu. Sunna Mímisdóttir bendir á að ekkert sé því til fyrirstöðu að stjórn gefi út þær dagsetningar sem eiga undir ákvæðið hverju sinni til að þetta sé alveg skýrt og auglýst.

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz leggur fram formlega breytingatillögu við tillögu stjórnar sem hljóðar svo: „*Ekki er tekið á móti nýjum félögum sex vikum fyrir aðalkeppni Eurovision (Eurovision Song Contest). Skráning nýrra félaga hefst aftur tveimur vikum eftir aðalkeppni Eurovision.*”

Gengið var til kosninga um tillögu Hildar. Var hún samþykkt samhljóða.

3. breytingartillaga: Eitt félagsgjald fyrir alla félagi.

Lagt er til að eftirfarandi málsliður falli brott úr 1. mgr. 3. gr. samþykktanna:

Börn 12 ára og yngri eru undanþegin greiðslu félagsgjalda.

Rökstuðningur:

- Lagt er til að allir félagar FÁSES greiði félagsgjöld með vísan til jafnræðisreglunnar enda njóta börn yngri en 12 ára ýmissa fríðinda við inngöngu í klúbbinn t.d. forkaupsrétt á miðum á Eurovision, fréttabréf og aðgang að viðburðum.

Gengið var til umræðu um 3. breytingatillögu. Eyrún Ellý Valsdóttir benti að stjórn hefði skoðað hvort aðrir klúbbar geri kröfu um greiðslu félagsgjalda fyrir börn og eru til dæmi um það. Laufey Helga Guðmundsdóttir benti á að aldrei væri lokað fyrir að börn kæmu með félagsmönnum á viðburði þó þau séu ekki meðlimir í FÁSES. Var tillagan lögð undir atkvæði fundarins og var hún samþykkt samhljóða.

4. breytingartillaga: Félagsaðild einstaklinga búsettir utan Íslands.

Lagt er til að á eftir orðunum „13 ára og eldri“ í 1. másl. 1. mgr. 3. gr. komi: *sem hafa íslenska kennitölu.*

Lagt er til að á eftir 3. másl. 1. mgr. 3. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi:

Aðildarumsóknir einstaklinga sem ekki hafa íslenska kennitölu skulu teknar fyrir og samþykktar á aðalfundi.

Rökstuðningur:

- Í reglum OGAE International um útgáfu á OGAE félagsskírteinum til félaga OGAE klúbba er heimilt að ganga í fleiri en einn aðdáendaklúbb, svo fremi sem félagar tilgreini hvaða klúbbur verði í forgangi; þ.e. sá klúbbur sem viðkomandi félagi fær útgefið OGAE skírteini hjá og þar sem viðkomandi nýtur forkaupsréttar á miðum á aðalkeppni Eurovision. Undir venjulegum kringumstæðum yrði sá klúbbur í forgangi þar sem viðkomandi hefur búsetu eða þar sem hann er ríkisborgari. Undantekningar frá þessu þarf að taka sérstaklega upp við OGAE International.
- Hingað til hefur félagsaðild að FÁSES verið opin öllum, svo fremi sem félagsgjöld séu greidd.
- Undanfarin ár hafa komið upp tilvik þar sem einstaklingar hafa skráð sig í marga OGAE klúbba og hafa fengið forkaupsrétt á miðum á Eurovision í gegnum fleiri en einn aðdáendaklúbb. Viðkomandi einstaklingar hafa síðan hagnast á því að endurselja aðdáendapakka til þriðja aðila.
- Til að koma í veg fyrir þennan svokallaða „miðatúrismi“ er lagt til að einstaklingar sem vilja ganga í FÁSES hafi íslenska kennitölu. Lagt er til að aðildarumsóknir einstaklinga sem ekki hafa íslenska kennitölu verði teknar fyrir og samþykktar á aðalfundi félagsins. Stjórn FÁSES ræddi sérstaklega hvort þessar umsóknir ætti að taka fyrir á stjórnarfundi eða aðalfundi. Þar sem stjórnin vill tryggja sanngirni og gagnsæi er lagt til að aðildarumsóknir einstaklinga sem ekki hafa íslenska kennitölu verði teknar fyrir á aðalfundi.
- Rétt er að geta þess að uppbygging OGAE aðdáendaklúbbanetsins er þannig að allir sem vilja ganga í OGAE aðdáendaklúbb hafa aðgang að klúbbi í sínu heimalandi. Sé ekki starfræktur OGAE klúbbur í því landi sem viðkomandi býr í er hægt að sækja um aðild að OGAE Rest of the World. Nú eru OGAE klúbbar nú orðnir 45.

Laufey Helga Guðmundsdóttir bætir við þessar skýringar og segir frá því að fengið hafi verið álit frá Ölmu Tryggvadóttur um að þessi breytingar fari ekki í bága við persónuverndarlög. Gengið var til umræðu um 4. breytingatillögu.

Auður spurði af hverju þessi regla um 13 ára og eldri væri. Hildur Tryggvadóttir Flóvenz útskýrði að það væri út af því að börn 12 ára og yngri gætu fengið aðild sé foreldri eða forráðamaður þeirra einnig félagi. Konráð Valsson spurði hvort 12 ára og yngri gætu fengið miða á Eurovision en ekki foreldrarir. Laufey Helga Guðmundsdóttir svaraði því til að það gæti gerst því stundum gerist það að ekki allir í hóp fái að kaupa aðdáendapakka og stundum fellur fólk þá frá forkaupsrétti sínum. Sólrún Ásta Steinsdóttir spyr hvað verði um þá sem eru ekki með íslenska kennitölu og eru nú þegar félagar í FÁSES. Laufey segir að enginn verði rekinn úr klúbbnum því samþykktir félagsins eru ekki afturvirkar. Verði gerðar breytingar á samþykktum félagsins á aðalfundi taka þær breytingar gildi eftir aðalfundinn. Varðandi umsóknir einstaklinga sem ekki hafa íslenska kennitölu og berast eftir aðalfund 2018 þá bíða þær næsta aðalfundar. Stjórn FÁSES getur þó boðað til félagsfundar þygi henni ástæða til. Flosi Jón Ófeigsson bendir á að ef félagi sem ekki er með íslenska kennitölu dettur út úr félagatali vegna þess að hann hefur ekki staðið skil á félagsgjaldi verði hann að sækja aftur um aðild að FÁSES. Þá gildir nýja fyrirkomulagið um inngöngu hans í félagið. Auður Geirsdóttir spyr af hverju stjórn geti ekki bara farið yfir þessar umsóknir útlendinga. Laufey bendir á að stjórn vilji gæta fyllsta hlutleysis og gegnsæis því þetta verður mjög matskennd ákvörðun. Gísli Ó. Kærnested bendir á að það gæti skapað pressu á stjórn FÁSES ef hún hefði það hlutverk að taka fyrir umsóknir útlendinga. Hildur Tryggvadóttir Flóvenz leggur til að ef breytingatillagan verður samþykkt fái stjórnin það verkefnið að setja fram viðmið um inngöngu einstaklinga sem ekki hafa íslenska kennitölu í FÁSES. Sólrún bendir á að menn ættu að leggja fram sinn eigin rökstuðning af hverju þeir vilji ganga í FÁSES og finnst að þetta eigi að vera opið.

Laufey leggur 4. breytingartillögu óbreytta undir aðalfund. Var hún samþykkt samhljóða.

Hildur leggur til við fundinn að stjórn FÁSES setji fram tillögu að inngönguskilyrðum í FÁSES fyrir þá sem ekki hafa íslenska kennitölu. Var þessi tillaga samþykkt samhljóða.

5. breytingartillaga: Brot á miðakaupareglum.

Lagt er til að á eftir 2. mgr. 5. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Verði félagi uppvis að því að sækja um miða á aðalkeppni Eurovision í gegnum fleiri en einn OGAE aðdáendaklúbb missir hann forkaupsrétt á miðum á aðalkeppni Eurovision í gegnum FÁSES næstu tvö ár þar á eftir.

Rökstuðningur:

- Undanfarin ár hafa komið upp tilvik þar sem einstaklingar hafa skráð sig í marga OGAE klúbba og fengið forkaupsrétt á miðum á Eurovision í gegnum fleiri en einn aðdáendaklúbb. Viðkomandi einstaklingar hafa síðan keypt aðdáendapakka fyrir Eurovision í gegnum fleiri en einn klúbb og hagnast á því að endurselja aðdáendapakka til þriðja aðila.
- Reglur OGAE International kveða á um að aðdáendur geta einungis átt forkaupsrétt í gegnum einn OGAE aðdáendaklúbb (sami klúbbur og viðkomandi á félagsskírteini frá).
- OGAE International samkeyrir á hverju ári upplýsingar frá klúbbum um hverjir nutu forkaupsréttar og miðasöluaðila til að koma í veg fyrir þennan svokallaða „miðatúrisma“.
- Komi í ljós í framtíðinni að félagar í FÁSES hafi misnotað forkaupsrétt á miðum á aðalkeppni Eurovision er mikilvægt að heimild sé í samþykktum FÁSES fyrir stjórn að grípa til viðeigandi aðgerða.

- Lagt er til að verði félagi uppvis að því að sækja um miða á aðalkeppni Eurovision í gegnum fleiri en einn aðdáendaklúbb missi hann forkaupsrétt á miðum í gegnum FÁSES næstu tvö ár þar á eftir. Þetta þýðir að verði félagi uppvis að miðasvindli á Eurovision vorið 2016 missir hann forkaupsrétt sinn árin 2017 og 2018. Viðkomandi getur síðan aftur sótt um forkaupsrétt á miðum á Eurovision fyrir vorið 2019, hafi hann greitt félagsgjöld FÁSES.

Eftir að farið hafði verið yfir hvað felst í 5. breytingatillögu og rökstuðning hennar var opnað fyrir umræður. Konráð Valsson spyr hvort þetta hafi komið upp hér heima. Laufey Helga Guðmundsdóttir segir að formleg mál hafi ekki komið upp en sterkur grunur hafi vaknað í eitt skipti sem var síðan ekki staðfest. Laufey benti einnig á að við ítrekuð brot væri hægt að vísa félaga úr klúbbum, sbr. 5. gr. samþykktu.

Gengið var til atkvæða um 5. breytingatillögu og var hún samþykkt samhljóða.

6. breytingartillaga: Boðun félagsfunda.

Lagt er til að 9. gr. samþykktanna sem er svohljóðandi:

Allir félagar geta óskað eftir því að félagsfundir séu haldnir. Félagfundir eru einungis löglegir ef að minnsta kosti 1/3 félagsmanna hafa óskað eftir slíkum fundi og löglega er til hans boðað samkvæmt samþykktum þessum. Sömu reglur gilda um boðun félagsfunda og aðalfunda að því undanskildu að félagsfund þarf ekki að boða nema með að minnsta kosti 7 daga fyrirvara.

orðist svo:

Allir félagar geta óskað eftir því að félagsfundir séu haldnir. Félagfundir eru einungis löglegir boði stjórn til þeirra eða a.m.k. 15 félagar hafa óskað eftir því. Sömu reglur gilda um boðun félagsfunda og aðalfunda að því undanskildu að félagsfund þarf ekki að boða nema með að minnsta kosti 7 daga fyrirvara.

Rökstuðningur:

- Samkvæmt 9. gr. samþykktanna getur stjórn FÁSES ekki boðað til félagsfunda. Félagfundir eru einungis löglegir ef að minnsta kosti 1/3 félagsmanna hafa óskað eftir slíkum fundi.
- Lagðar eru til breytingar á 9. gr. samþykktanna svo stjórn FÁSES geti ávallt ef þörf er á boðað til félagsfundar. Gilda þá sömu reglur um félagsfund og aðalfund að því undanskildu að hægt er að boða til félagsfundar með styttri fyrirvara.
- Lagt er til að stjórn verði skylt að boða til félagsfunda óski 15 félagar þess. Erfitt er fyrir almenna félagar í FÁSES að átta sig á hvað 1/3 eru margir félagar hverju sinni svo lagt er til að talan verði fastsett við 15 félagar.

Eftir að farið hafði verið yfir hvað felst í 6. breytingatillögu og rök fyrir henni var opnað fyrir umræður. Enginn kvaddi sér hljóðs. Laufey bar tillöguna undir fundinn og var hún samþykkt samhljóða.

6. Kosningar til stjórnar og félagslegra skoðunarmanna.

Fundarstjóri kynnir hvaða stöður eru lausar í stjórn FÁSES. Fundurinn samþykkir að taka saman kosningar til stjórnar og kosningu félagslegra skoðunarmanna.

Eftirfarandi framboð til stjórnar komu fram fyrir fundinn;

Gjaldkeri: Ísak Pálmason

Alþjóðafulltrúi: Halla Ingvarsdóttir

Kynningar- og viðburðarstjórnandi: Sunna Mímisdóttir

Fyrsti varamaður: Gísli Ólason Kærnested

Annar varamaður: Eva Dögg Benediktsdóttir

Eftirfarandi framboð til félagslegra skoðunarmanna komu fram fyrir fundinn:

Auður Geirsdóttir

Eyrún Ellý Valsdóttir.

Fundarstjóri kallar eftir fleiri framboðum. Enginn framboð bárust og ofangreind því réttkjörin í stjórn FÁSES. Samþykkt með lófataki.

7. Ályktun FÁSES um reglur Söngvakeppninnar.

Fyrir aðalfund var send út eftirfarandi drög að ályktun:

„Samkvæmt reglum Söngvakeppninnar 2019 skulu öll lög í forkeppninni flutt á íslensku. Á úrslitakvöldi keppninnar skulu öll lög, sem valin hafa verið áfram í úrslit, flutt á því tungumáli sem höfundur hyggst flytja á í Eurovision í Tel Aviv 2019, verði lag hans fyrir valinu. Aðalfundur FÁSES 2018 skorar á RÚV að breyta framangreindri tungumálareglu Söngvakeppninnar með það að markmiði að hver laga- og textahöfundur ákveði af sjálfsdáðum hvaða tungumál hentar innsendu lagi og/eða flytjenda, sbr. Söngvakeppni 2009 og 2010.“

Fundarstjóri kynnir drög að ályktun um reglur Söngvakeppninnar. Eva Dögg Benediktsdóttir bendir á að í Melodifestivalen í Svíþjóð er ekki tungumálaregla og þar eru enn lög á sænsku. Tungumálareglan útilokar einnig önnur tungumál en íslensku. Á fundinum er upplýst að stjórn FÁSES ætlar að senda RÚV ályktunina verði hún samþykkt. Guðmundur Már Ingimarsson bætir við að sett verði dagsetning aðalfundar 2018 inn í ályktunina. Rætt um að ástæður fyrir ályktuninni eru umræður í fjölmiðlum, ábendingar lagahöfunda, að reglur í öðrum undankeppnum séu ekki svona strangar og umræður á facebook hópnum Júróvísjón 2018.

Þá var gengið til kosninga um ályktunina. Enginn á móti samþykkt hennar og enginn sat hjá. Ályktun samþykkt samhljóða á aðalfundi FÁSES 24. október 2018. Þá var borið undir aðalfund að stjórn FÁSES komi ályktun aðalfundarins á framfæri við útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra Söngvakeppninnar og sendi jafnframt út fréttatilkynningu vegna málsins. Þetta samþykkt samhljóða, enginn var á móti og enginn sat hjá.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundarstjóri þakkar fyrir fundinn og traustið við fundarstjórn. Fundarstjóri þakkar einnig stjórn FÁSES fyrir starfsárið og Eyrúnu Ellý Valsdóttur og Önnu Sigríði Hafliðadóttur fyrir setuna í stjórn FÁSES.

Formaður lokar fundinum. Eurovision bingó var frestað þar sem Kringlukuráin lokar fyrr en áætlanir stóðu til.

Fundi slitið kl. 22:20.

